

Sp. 453. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [2. mál]

í málinu: Till. til þál. um könnun á orsökum hins háa raforkuverðs til almennings á Íslandi.

Frá iðnaðarráðherra.

Þar sem ítarleg úttekt fer nú fram á öllum þáttum orkuverðs og orkuverðsmyndunar á vegum iðnaðarráðuneytisins og nefnda á vegum þess telur Alþingi ekki þörf á því að samþykkja tillögu þessa og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.